

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 11:00 þriðjudaginn 6. júlí 2021, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Örn Arnarson, Álfhildur Leifsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Guðmundur Þór Birgisson, Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður og Tómas Árdal varamaður. Steinunn Heba Finnsdóttir var fjarverandi.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staða ferðaþjónustunnar

Ferðaþjónustan að fara fyrr og hraðar af stað en ætlað var. Mikil eftirspurn að koma miklu hraðar en nokkur hefði getað ímyndað sér. Fínar bókanir í sumar og fram á haustið, uppbókað í júlí og ágúst á mörgum hótélum. Staðan býsna góð, fjöldinn að aukast dag frá degi. Gestafjöldi orðinn mjög góður. September góður og jafnvel fram í október. Mikið að gera í bókunum, aðilar eiga samt töluvert pláss eftir á ýmsum svæðum. Bæði útlendingar og Íslendingar á ferðinni, skiptist nokkuð jafnt eða erlendir gestir orðnir meirihluti, allt upp í 80% gesta. Framtíðin er að birtast mjög björt, sérstaklega bjartsýn á næsta ár. Mönnunarvandamál eru algeng, menn þorðu ekki að fara nógu hratt af stað í ráðningar, enginn sá fyrir hvað þetta færi hratt af stað. Erfitt að manna störf og mikill tími sem fer í það.

2. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni sem eru þessi:

Nýr vefur nordurland.is er kominn í loftið í samstarfi við aðrar áfangastaðastofur sem reka sambærilega vefi.

Íslandsstofa kom í kynnisferð með 6 starfsmenn og var Demantringurinn heimsóttur.

Ísland saman í sókn markaðsherferðin er farin af stað og fylgir MN henni eftir í markaðssetningu.

Innanlandsherferð er í gangi á samfélagsmiðlum og útvarpi en mestur þunginn verður í júlí.

Flugmál, vinna er í gangi með ráðgjafa varðandi beina markaðssókn á ferðaskrifstofur og eru viðbrögð jákvæð.

Sýningar og vinnusmiðjur eru í undirbúningi fyrir haustið. Skráningar eru hafnar og mun MN kasta netinu víða og meta stöðuna á mörkuðum.

Samstarfsyfirlýsing með SSNE og SSNV er í vinnslu vegna samnings um áfangastaðastofur.

Ferðamálaráð, skipað verður í ráðið í haust með fulltrúa markaðsstofanna.

Umræður um fund með ráðherra ferðamála og starfsmanna ANR v Vörður og Flugþróunarsjóð. Jákvæður og ánægjulegur fundur. Norðurland fær tækifæri til að tilnefna staði í Vörður í haust.

3. Fjármál og rekstur

MN hefur fengið nokkra styrki frá gerð fjárhagsáætlunar. Ferðamálastofa setti 3 mkr í gegnum Ísland komdu með, úr Lóu komu 1,5 mkr í Taste North Iceland auk þess sem búið er að skrifa undir 8 mkr samning við ANR vegna Flugþróunarsjóðs. Einnig er búið að skrifa undir 5 mkr samning við Íslandsstofu. Framkvæmdastjóri fór yfir uppfærða áætlun og er staðan í rekstrinum nokkuð góð. Enn er margt óljóst varðandi haustið og verður áætlun uppfærð í samræmi við það.

4. Önnur mál

Umræður um skráningar þeirra sem eru ekki í samstarfi á miðlum. Ekki verið tekin stefnumótandi ákvörðun um að breyta þessu.

Stjórnin telur ástæðu til að óska öllu Norðurlandi til hamingju með uppbygginguna á Akureyrarflugvelli. Þetta er mjög jákvætt skref. Árangurinn náðist vegna samstöðunnar og góðs undirbúnings. Við vorum tilbúin þegar fjármagnið var laust.

Atvinnuleysi komið niður í svipaðar tölur og fyrir Covid, mjög jákvæð staða. Ekki þannig að það sé fullt af fólki sem nennir ekki að vinna, það er einfaldlega ekki nóg af fólki á svæðinu, t.d vegna þess að það eru færri útlendingar til að ganga í störf, þeir eiga margir eftir að koma til baka. Samstarfið við Vinnumálastofnun hefur verið mjög gott, starfsmenn þar eiga sérstakt hrós skilið fyrir vel unnin störf í erfiðum aðstæðum þar sem þeir gera sitt besta til að leysa mönnunarvandann með ferðaþjónustunni.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 12:15

Fundarritari AJ